



HAFNARFJÖRÐUR

Skýrsla samráðshóps
um málefni innflytjenda í Hafnarfirði

Hafnarfjörður september 2013

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
SKILGREININGAR	3
LEIKSKÓLINN - TILLÖGUR TIL FRÆDSLURÁÐS	4
FJÖLDI ERLENDRA LEIKSKÓLABARNA OG UPPLÝSINGAR VARÐANDI AÐLÖGUN.....	5
UPPLÝSINGAGJÖF TIL FORELDRA ERLENDRA LEIKSKÓLABARNA	5
GRUNNSKÓLINN – TILLÖGUR TIL FRÆDSLURÁÐS	7
FJÖLDI TVÍTYNGDRA NEMENDA Í GRUNNSKÓLUM.....	8
UPPLÝSINGAGJÖF TIL FORELDAR ERLENDRA NEMENDA OG TÚLKAPJÓNUSTA	8
FJÁRMAGN VEGNA KENNSLU ÍSLENSKU SEM ANNARS MÁLS	9
NÁMSLEG- OG FÉLAGSLEG STAÐA OG LÍÐAN ERLENDRA NEMENDA	9
ÞJÓNUSTA VIÐ ERLENDA NEMENDUR OG STARFSFÓLK SKÓLA.....	10
FRAMHALDSSKÓLINN – TILLÖGUR TIL FRÆDSLURÁÐS	11
BROTTFALL ERLENDRA FRAMHALDSSKÓLANEMENDA.....	12
STUÐNINGÚRRÆÐI VIÐ ERLENDA NEMENDUR Í FLENSBORG OG IÐNSKÓLANUM.....	12
FULLORÐINSFRÆÐSLA – TILLÖGUR TIL FRÆDSLURÁÐS	13
FRAMBOÐ Á NÁMSKEIÐUM OG FRÆÐSLU FYRIR FULLORÐNA INNFLYTJENDUR.....	14
ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDAIÐKUN – TILLÖGUR TIL ÍTH	15
ÞÁTTTAKA ERLENDRA BARNA Í ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFI	16
STARF Í FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI KAMPI	17
FORVARNARGILDI ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFS	17
ATVINNUMÁL, FJÁRHAGSAÐSTOÐ, HÚSNÆÐISMÁL OG BARNAVERND – TILLÖGUR TIL FJÖLSKYLDURÁÐS	18
ATVINNUMÁL	19
FJÁRHAGSAÐSTOÐ	19
HÚSNÆÐISMÁL	20
BARNAVERND	20
<i>Tilkynningar vegna barna innflytjenda.....</i>	<i>21</i>
<i>Úrræði í barnavernd nýttast innflytjendum illa.....</i>	<i>22</i>
ÞJÓNUSTA HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ, AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM – TILLÖGUR TIL BÆJARRÁÐS	23
UPPLÝSINGAGJÖF OG RÁÐGJÖF TIL INNFLYTJENDA.....	24
FULLTRÚI Í MÁLEFNUM INNFLYTJENDA	24
HEIMILDASKRÁ	26

Inngangur

Síðasta árið hefur verið starfræktur samráðshópur um málefni innflytjenda í Hafnarfirði. Samkvæmt erindisbréfi hópsins, dagsettu 4. desember 2012, var honum falið að safna upplýsingum um stöðu innflytjenda í Hafnarfirði á breiðum grunni og koma með tillögur að bættri og samhæfðari þjónustu við þennan hóp íbúa. Hópurinn hittist mánaðarlega og fékk upplýsingar frá ýmsum aðilum sem starfa hjá stofnunum bæjarins og koma að innflytjendamálum. Farið var yfir stöðu í fræðslumálum, íþrótta- og tómstundamálum, atvinnumálum, húsnæðismálum, fjárhagsaðstoð, barnavernd og aðgengi að upplýsingum svo eitthvað sé nefnt. Upphaflega stóð til að fulltrúi innflytjenda sæti í hópnum en erfiðlega gekk að fá fólk til að mæta á mánaðarlega fundi. Því var ákveðið í september sl. að bjóða innflytjendum á fund með hópnum og fá ábendingar varðandi þjónustu og önnur mál sem að þessum hópi snýr. Einnig komu einstaklingar úr hópi innflytjenda með gagnlegar ábendingar eftir öðrum leiðum. Innflytjendamál spanna gríðarlega breitt svið og skýrslan er hugsuð sem yfirlit yfir stöðu mála í Hafnarfirði en ekki nákvæmt úttekt. Þær tillögur sem settar eru fram varðandi úrbætur í málaflokknum eru byggðar á ábendingum frá innflytjendum og aðilum sem starfa að málefnum þeirra.

Fulltrúar í samráðshópnum eru:

Amal Tamimi	Fulltrúi frá Jafnréttishúsi.
Áshildur Linnet	Fulltrúi Rauða krossins í Hafnarfirði.
Björk Alfreðsdóttir	Fulltrúi leikskólanna (Skólaskrifstofa).
Geir Bjarnason	Fulltrúi fjölskyldusviðs.
Guðbjörg Eggertsdóttir	Fulltrúi frá Jafnréttishúsi.
Hanna H. Leifsdóttir	Fulltrúi leikskólanna (Skólaskrifstofa).
Hildigunnur Bjarnadóttir	Fulltrúi fjölskyldusviðs.
Hjálmfríður Sveinsdóttir	Fulltrúi grunnskólanna (Öldutúnsskóli).
Kristrún Sigurjónsdóttir	Fulltrúi fræðslusviðs (Lækjarskóli).
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir	Fulltrúi Rauða krossins í Hafnarfirði.

Fulltrúar í samráðshópnum færa öllum þeim sem komu með ábendingar og gáfu upplýsingar bestu þakkir fyrir framlag sitt.

Skilgreiningar

Innflytjandi: Þegar fjallað er um innflytjendur í skýrslunni er notuð skilgreining Hagstofu Íslands á hugtakinu innflytjandi sem hljóðar svo: „innflytjandi (er) skilgreindur sem einstaklingur sem fæðist erlendis og á foreldra sem báðir hafa erlendan bakgrunn, þ.e. eru fæddir erlendis og eiga sjálfir foreldra sem fæddir eru erlendis.“ (Hagtíðindi 2009:1, bls. 3).

Erlent barn/barn af erlendum uppruna: Þegar fjallað er um börn sem eiga annað eða báða foreldra erlenda er vísað til þeirra sem erlendra barna eða barna af erlendum uppruna.

Tvítyngd börn: Þegar fjallað er um tvítyngd börn í skýrslunni er miðað við þá skilgreiningu að einstaklingar geti talist tvítyngdir ef þeir eru byrjaðir að læra annað tungumál en móðurmálið eða hafa náð valdi á öðru tungumáli.

Leikskólinn - tillögur til fræðsluráðs

Eftirfarandi eru tillögur samstarfshópsins um bættu þjónustu vegna erlendra barna á leikskólum bæjarins:

- Að aflað verði nákvæmra upplýsinga um fjölda, þjóðerni og móðurmál barna á leikskólum í Hafnarfirði sem eiga annað eða báða foreldra erlenda. Einnig að leitast verði við að afla upplýsinga um hve mörg börn af erlendum uppruna eru ekki á leikskólum.
- Að upplýsingaefni fyrir foreldra erlendra leikskólabarna og umsóknareyðublöð verði til á nokkrum tungumálum á heimasíðu bæjarins.
- Að tryggt sé að foreldrar erlendra leikskólabarna fái upplýsingar um réttindi barnanna og skyldur foreldra skv. barnaverndarlögum.
- Að hugað sé að því að virkja erlenda starfsmenn leikskólanna til dæmis í hópastarfi með það að markmiði að styðja við móðurmálsnám barnanna.
- Að auka ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks leikskóla varðandi móttöku erlendra barna, aðlögun, fyrstu skref í íslenskukennslu, vinnu með móðurmál barnanna, foreldrasamstarf, fordómafræðslu o.fl.
- Að leitast verði við að ná til og efla foreldra erlendra leikskólabarna með ýmsum verkefnum. Sótt verði um styrki til slíkra verkefna.

Fjöldi erlendra leikskólabarna og upplýsingar varðandi aðlögun

Samkvæmt nýrri skýrslu Fjölmenningarseturs (2013) eru 11% barna á leikskólum á Íslandi með erlent móðurmál. Árið 2012 voru 1762 börn á leikskólum Hafnarfjarðar og var hlutfall erlendra barna 13%. Hæsta hlutfall erlendra barna er í leikskólanum í Hraunvallaskóla eða um 30% samkvæmt Sigríði Ólafsdóttur aðstoðarleikskólastjóra. Ekki er vitað hversu mörg erlend börn eru ekki á leikskóla og erfitt að fá upplýsingar um það vegna persónuverndarsjónarmiða. Björk Alfreðsdóttir leitaði eftir upplýsingum frá starfsfólki leikskóla varðandi börn af erlendum uppruna og þar kom m.a. fram:

- Algengt er að þegar börnin koma á leikskólann hafi þau ekki verði í íslensku málumhverfi.
- Aðlögun barna af erlendum uppruna tekur oft lengri tíma en aðlögun annarra barna.
- Samskipti við foreldra ganga misvel og virðist félagsleg staða hafa mikið að segja í því efni.
- Alltaf eru túlkar í foreldraviðtölum en samt kemur fyrir að það sem fram kemur í viðtölunum skilar sér ekki.
- Það vantar upplýsingaefni um leikskólann á fleiri tungumálum fyrir foreldra.
- Það þarf að vera markviss íslenskukennsla á leikskólunum.
- Styrkja þarf móðurmálsnám leikskólabarna af erlendum uppruna.

Upplýsingagjöf til foreldra erlendra leikskólabarna

Mikilvægt er að foreldrar leikskólabarna af erlendum uppruna fái upplýsingar um starfsemi leikskólanna og menntunarlegt og félagslegt gildi leikskólavistar fyrir börnin. Á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar er engar slíkar upplýsingar að finna á öðrum tungumálum en íslensku. Það sama á við um heimasíður leikskólanna sjálfra ef frá er talið Norðurberg. Á heimasíðu Norðurbergs er móttökuáætlun leikskólans einnig á ensku og pólsku og sett myndrænt fram sem hefur nýst foreldrum vel samkvæmt Önnu Borg leikskólastjóra.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur gefið út margvíslegt upplýsingaefni á átta tungumálum fyrir foreldra leikskólabarna. Nefna má upplýsingabækling fyrir foreldra um leikskóla og dagvistun, bækling um tví- og margtýngd börn, efni til að auðvelda samskipti milli leikskóla og foreldra og vef um fjölmennningarlegt leikskólastarf sem nefnist *Allir með*. Einnig eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar orðalistar og skilaboð frá leikskólanum á mörgum tungumálum og tenglar inn á upplýsingavefi fyrir foreldra barna af erlendum uppruna. Samkvæmt Fríðu Bjarneyju Jónsdóttur,

verkefnastjóra í fjölmenningu á leikskólum í Reykjavík, eru ýmis verkefni í gangi sem miða að því að efla starfsfólk leikskóla og foreldra erlendra leikskólabarna í þágu barnanna og aðlögunar þeirra. Mikið starf hefur verið unnið hjá Reykjavíkurborg varðandi þjónustu við foreldra erlendra leikskólabarna og starfsfólks leikskóla. Það er mikilvægt að Hafnarfjarðarbær bæti upplýsingagjöf til foreldra leikskólabarna á heimasíðu sinni. Án efa er mögulegt að fá að nýta margt af því efni sem þegar hefur verið búið til í Reykjavík en einnig mætti leita til nágrannasveitarfélaga um samvinnu við verkefnið.

Grunnskólinn – tillögur til fræðsluráðs

Eftirfarandi eru tillögur samstarfshópsins um bætta þjónustu vegna erlendra nemenda í grunnskólum bæjarins:

- Að unnin verði handbók um móttöku erlendra nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar.
- Að verkferlar varðandi móttöku erlendra nemenda verði kynntir á hverju ári. Mjög mikilvægt er að þessir ferlar séu í lagi, innritunarviðtöl tekin og stuðst við móttökuáætlanir.
- Að upplýsingar um grunnskólana í Hafnarfirði og nám að loknum grunnskóla verði aðgengilegar á heimasíðu bæjarins á nokkrum tungumálum.
- Að í hverjum skóla sé deildarstjóri/kennari sem hefur góða yfirsýn yfir málefni erlendra nemenda, getur miðlað til annars starfsfólks og veitt Skólaskrifstofu og kennsluráðgjafa upplýsingar. Einnig er mikilvægt að þessi aðili haldi utan um ýmsar upplýsingar til foreldra og geti verið þeim til aðstoðar t.d. varðandi Mentor, Íbúagáttina, skólamat o.fl.
- Að kennsluráðgjafi hitti reglulega (2-4 sinnum á ári) þá aðila í grunnskólunum sem mest sinna málefnum erlendra nemenda.
- Að gerð verði könnun á stöðu erlendra nemenda í íslensku sem öðru máli í grunnskólum Hafnarfjarðar. Gefið hefur verið út staðlað könnunarpróf og gæti kennsluráðgjafi séð um að leggja það fyrir.
- Að kennarar í Hafnarfirði verði markvisst þjálfaðir í að beita samvinnunámsaðferðum og fái handleiðslu við að nota þessar aðferðir í kennslu. Einnig að kennurum verði boðið upp á námskeið um hvernig vinna má gegn fordómum og mismunum.
- Að endurskoðaðar verði reglur varðandi hámarksfjölda í bekkjum við úthlutun kennslumagns.
- Að grunnskólum sé úthlutað fjármagni frá Skólaskrifstofu vegna kostnaðar við túlkajónustu.

Fjöldi tvítyngdra nemenda í grunnskólum

Samkvæmt skýrslu Fjölmenningarseturs (2013) eru rúm 6% grunnskólabarna á Íslandi börn með annað móðurmál en íslensku. Haustið 2012 var gerð nokkuð ítarleg úttekt á fjölda og stöðu tvítyngdra barna í grunnskólum Hafnarfjarðar. Meðal upplýsinga sem leitað var eftir var þjóðerni foreldra, móðurmál barnanna, hvort börnin þyrftu mikla, takmarkaða eða enga aðstoð í íslensku og hvort foreldrar þyrftu túlka. Niðurstöður úttektarinnar sýndu að tvítyngdir nemendur voru 10.4% af nemendafjölda í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2012-13 og tala 44 mismunandi móðurmál. Af þessum nemendum eru 9.18% af erlendum uppruna.

Af tvítyngdum nemendum voru 88.3% börn sem eiga annað eða báða foreldra erlenda en 11.7% voru íslensk börn sem dvalið höfðu langdvölum erlendis. Af þessum börnum þurftu 28% mikla aðstoð í íslensku og 23% takmarkaða aðstoð. 51% tvítyngdra barna þurfa því aðstoð í íslensku. Einnig kom fram að margir þessara nemenda þyrftu meiri aðstoð en skólarnir geta boðið upp á vegna tímamagns. Úttektin sýnir að hlutfall tvítyngdra nemenda er afar misjafnt eftir skólahverfum. Þannig eru flestir tvítyngdir nemendur í Lækjarskóla eða 14.7% en færstir í Setbergsskóla eða 5.2%.

Upplýsingagjöf til foreldrar erlendra nemenda og túlkabjónusta

Við innritun erlendra nemenda er mikilvægt að skólinn leiti eftir upplýsingum frá forráðamönnum og veiti upplýsingar um skólastarfið. Í mörgum tilfellum eru innritunarviðtöl tekin með túlki. Samkvæmt lögum um grunnskóla 2008 nr. 91 segir í grein 16.:

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkabjónustu.

Réttur foreldrar til túlkabjónustu er áréttaður í reglugerð um sérfræðibjónustu sveitarfélaga nr. 584/2010 gr. f. þar sem segir að sveitarfélög skuli leggja áherslu á viðeigandi túlkabjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum. Í grunnskólum eru túlkar kallaðir til í innritunarviðtöl, á foreldrafundi tvisvar á vetri og oftast ef þurfa þykir. Það er mjög misjafnt eftir skólum hve foreldrar margra barna þurfa túlka. Skólaárið 2012-13 þurftu foreldrar tveggja barna í Áslandsskóla túlka en í Hraunvallaskóla foreldrar 37 barna. Það er því ljóst að kostnaður vegna túlkabjónustu er mjög mismikill eftir skólum. Í skólum með mikinn fjölda erlendra nemenda getur kostnaður vegna túlkabjónustu verið mjög íþyngjandi og hætta er á að túlkar séu ekki pantaðir eins oft og þyrfti. Mikilvægt er að Skólaskrifstofa komi til móts við grunnskóla vegna túlkabjónustu og greiði fyrir hana eins og gert er í leikskólum.

Á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar er ekki að finna upplýsingar um grunnskólann, sérfræðiþjónustu eða nám að loknum grunnskóla á öðrum tungumálum en íslensku. Mikilvægt er að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar foreldrum á heimasíðunni á nokkrum tungumálum. Í Reykjavík hefur upplýsingabæklingur um grunnskólana í borginni verið þýddur á 11 tungumál auk ýmissa upplýsinga sem tengjast skólunum, orðalista, krækjum o.fl. efnis sem nýtist foreldrum erlendra barna. Slíkar upplýsingar þyrftu að vera aðgengilegar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Fjármagn vegna kennslu íslensku sem annars máls

Jöfnunarsjóður úthlutar fjármagni til sveitarfélaga vegna nemenda sem þurfa sérstaka aðstoð í íslensku. Árið 2012 fékk Hafnarfjörður úthlutað 18.120.000 til nýbúafraeðslu sem var hæsta upphæð sem rann til eins sveitarfélags eða 11.8% af heildarúthlutun sjóðsins. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar úthlutar einnig tímum vegna viðbótarkennslu í íslensku og er tímamagn til hvers skóla reiknað út frá því hversu lengi nemandinn hefur dvalið á Íslandi og hvort hægt sé að samkenna nemendum.

Viðmiðunarreglur vegna viðbótarkennslu í íslensku eru eftirfarandi:

- Erlendur nemandi á 1. ári í skóla og hefur dvalið innan við 1 ár á Íslandi 3-5 kennslustundir
- Erlendur nemandi á 2. ári í skóla og hefur dvalið innan við 2 ár á Íslandi 2-4 kennslustundir
- Erlendur nemandi á 3. ári í skóla og hefur dvalið innan við 3 ár á Íslandi 0-3 kennslustundir
- Erlendur nemandi á 4. ári í skóla og hefur dvalið innan við 4 ár á Íslandi eftir aðstæðum og tekið af sérkennslukvóta skólans.

Hafa ber í huga að hér er um viðmiðunarreglur að ræða og meta þarf hvert tilvik fyrir sig. Á undanförmum árum hafa komið upp nokkur tilvik þar sem nemendur eru fæddir á Íslandi en hafa ekki verið í leikskóla og koma því ótalandi á íslensku inn í grunnskólana. Í slíkum tilvikum þurfa reglurnar að vera sveigjanlegar.

Námsleg- og félagsleg staða og líðan erlendra nemenda

Í samtölum við deildarstjóra sérkennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar komu fram áhyggjur þeirra af líðan og námsárangri margra erlendra nemenda. Margir þessara nemenda eiga við námslega og félagslega erfiðleika að stríða og einnig hafa menningarlegir þættir áhrif á aðlögun. Rannsóknir Þórodds Bjarnasonar (2006) sýna að unglingar af erlendum uppruna standa að mörgu leyti verr en íslenskir unglingar hvað varðar líðan í skóla og félagsleg tengsl. Niðurstöður sýna að þeir eru þunglyndari og hafa verri sjálfsmynd, eru líklegri til að neyta vímuefna, stunda áhættu hegðun og verða fyrir einelti. Fjölmargar erlendar rannsóknir sýna einnig fram á jaðarstöðu innflytjendabarna á

öllum stigum skólakerfisins. Börnin ná ekki góðri fótfestu, verða utanveltu, gengur illa í námi og eru félagslega einangruð (Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Það er því mjög mikilvægt að hugað sé að námslegum- félagslegum- og menningarlegum þáttum barna af erlendum uppruna og leitað samhæfðra leiða til að styðja þau í leik og starfi.

Nýlega var kynnt rannsókn Elínar Þallar Þórðardóttur (2013) á skólaorðaförða 266 tvítyngdra barna í Reykjavík í tengslum við málkönnunarprófið *Á Milli mála*. Niðurstöður sýna að 20% nemenda hafa náð góðum tókum á íslensku, 20% þurfa á sértækum stuðningi að halda og 60% nemenda hafa svo lítil tók á íslensku að þeir geta illa fylgst með í kennslustundum og hafa litla möguleika á að stunda hefðbundið framhaldsnám. Undanfarin ár hefur Krístrún Sigurjónsdóttir kennsluráðgjafi gert stöðumat (ekki staðlað) á fjölda erlendra nemenda í Hafnarfirði þar sem könnuð er staða í íslensku sem öðru máli, líðan og félagsleg staða. Niðurstöður sína að of margir erlendir nemendur standa höllum fæti námslega- og félagslega. Líklegt má telja að staða tvítyngdra barna í Hafnarfirði í íslensku sé svipuð og niðurstöður Elínar Þallar benda til væri lagt fyrir þau staðlað próf. Þetta er mikið áhyggjuefni og full ástæða til að kanna stöðu þeirra betur og leita leiða til að bæta námslega- og félagslega stöðu þessa hóps nemenda. Fjölbreyttari nemendahópur í grunnskólum kallar á breytt vinnubrögð, skipulag kennslu og val á námsefni. Rannsóknir sýna að samvinnunámsaðferðir henta vel í kennslu barna með mismunandi bakgrunn og getu. Fjölbreyttari nemendahópur reynir einnig meira á kennara í stórum bekkjum og minni líkur eru á að hægt sé að sinna þeim sem standa höllum fæti t.d. vegna íslenskukunnáttu ef bekkirnir eru of stórir.

Þjónusta við erlenda nemendur og starfsfólk skóla

Við Lækjarskóla er starfrækt móttökudeild fyrir erlenda nemendur frá 5. - 10. bekk og er deildin safndeild fyrir bæinn. Deildarstjóri móttökudeildar sinnir einnig kennsluráðgjöf í 40% stöðugildi auk þess að halda ýmis konar námskeið og fræðslufundi fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla sé þess óskað.

Hulda Karen Daniélsdóttir verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg sinnir ráðgjöf til sveitarfélaga utan húfuborgarsvæðisins t.d. hvað varðar kennsluáðferðir og millimenningarfræðslu. Hún hefur haft milligöngu um að nokkrir skólar í Hafnarfirði hafa tekið upp PALS lestaraðferð með góðum árangri. Rannsóknir sýna að þessi aðferð ásamt mörgum samvinnunámsaðferðum nýtist afar vel í fjölmennningarlegum nemendahópi.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar býður í fyrsta skipti í haust upp á pólskukennslu fyrir nemendur í 7. - 10. bekk í samvinnu við Tungumálaver Laugalækjarskóla. Um er að ræða staðbundna kennslu fyrir nemendur í 7. og 8. bekk og fjarkennslu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Framhaldsskólinn – tillögur til fræðsluráðs

Eftirfarandi eru tillögur samstarfshópsins um bætta þjónustu vegna erlendra framhaldsskólanemenda í Hafnarfirði:

- Að fræðslufirvöld í Hafnarfirði beiti sér fyrir því að hafnfirskir nemendur af erlendum uppruna fái notið viðunandi námsúrræða í heimabæ sínum. Þannig verði íslenskustuðningur og annar námsstuðningur sem þessir nemendur þurfa aukinn til muna jafnt í Iðnskólanum og Flensborgarskóla.
- Að framhaldsskólarnir tveir í Hafnarfirði verði í samstarfi varðandi uppbyggingu ÍSA áfanga og annarrar sértækrar aðstoðar fyrir erlenda nemendur.
- Að komið verði á samstarfi/brúarsmíði milli grunn- og framhaldsskóla í Hafnarfirði varðandi erlenda nemendur sem eru að útskrifast úr grunnskólum bæjarins.

Brottfall erlendra framhaldsskólanemenda

Brottfall erlendra nemenda úr framhaldsskólum hefur undanfarin ár verið mjög hátt þótt nákvæmar tölur liggi ekki fyrir. Einnig eru mun færri erlend börn sem skrá sig í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi en íslensk. Samkvæmt skýrslu Fjölmenningsseturs (2013) skráðu aðeins 80% innflytjendabarna sig í framhaldsskóla árið 2010 á móti 96% íslenskra barna. Sem helstu ástæður fyrir þessari stöðu hefur t.d. verið nefnd léleg íslenskukunnátta, slök félagsleg staða og að erlendir nemendur hafi ekki þann námslega bakgrunn sem þurfi til að ráða við nám í framhaldsskóla. Ljóst er að fjöldi erlendra nemenda þarf mikla aðstoð á framhaldsskólastiginu ef þeir eiga ekki að heltast úr lestinni, mjög misjafnt er eftir skólum hve mikil aðstoð stendur þeim til boða.

Stuðningsúrræði við erlenda nemendur í Flensborg og Iðnskólanum

Hvorki í Flensborgarskóla né Iðnskólanum er boðið upp á ÍSA áfanga. Samkvæmt upplýsingum frá Magnúsi Þorkelssyni skólameistara í Flensborg eru slíkir áfangar ekki í boði vegna lítillar aðsóknar erlendra nemenda í skólann. Magnús segir þróunina frekar hafa verið þá að þeir erlendu nemendur sem sækja skólann fái einstaklingsmiðaða kennslu með heimanámsstuðningi. Samkvæmt upplýsingum frá Ágústu Björnsdóttur námsráðgjafa í Iðnskólanum er ekkert sérstakt stuðningsúrræði við erlenda nemendur í skólanum en hún telur það sárlega vanta. Erfitt hefur verið fyrir nemendur í starfsnámi að fá samning hjá meistara vegna þess að tengslanet fjölskyldunnar er lítið og slök íslenskukunnátta hindrun. Tiltölulega fáir erlendir nemendur í Hafnarfirði sækja um nám í Flensborg eða Iðnskólanum vegna þess að ekki er boðið upp á ÍSA áfanga og annan sértækan stuðning. Þessir nemendur sækja frekar um skólavist utan heimabyggðar þar sem meiri aðstoð er í boði.

Fullorðinsfræðsla – tillögur til fræðsluráðs

Eftirfarandi eru tillögur samstarfshópsins um bætta þjónustu varðandi námskeið og fræðslu fyrir fullorðna innflytjendur:

- Að farið verði yfir það framboð sem er á námskeiðum fyrir fullorðna innflytjendur í Hafnarfirði og skoðað hvort auka þurfi framboð eða fjölbreytileika námskeiða.
- Að innflytjendum verði gert auðvelt fyrir að sækja íslenskunámskeið, þau verði greidd niður að verulegu leyti.
- Að unnið verði að verkefnum sem miða að því að styrkja tengsl Íslendinga og innflytjenda í Hafnarfirði. Til eru fjölmargar fyrirmyndir að slíkum verkefnum.

Framboð á námskeiðum og fræðslu fyrir fullorðna innflytjendur

Í Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði er boðið upp á byrjenda- og framhaldsnámskeið í íslensku sem öðru máli fyrir fullorðna. Samkvæmt Finni Gunnþórssyni hefur fullorðnum einstaklingum sem sækja þessi námskeið fækkað mjög mikið á undanförunum árum. Margir virðast setja fyrir sig kostnað á námskeiðin. Einnig eru ýmis námskeið í boði fyrir atvinnulausa en þau fara öll fram á íslensku og fólk þarf því að hafa þokkalegan grunn í málinu til að þau nýtist því. Jafnréttishús býður upp á kennslu í íslensku sem öðru máli auk þess að vera með námskeið í samfélagsfærni, menningartengd námskeið, námskeið um hvernig á að sækja um ríkisborgararétt og ráðgjöf fyrir innflytjendur. Samkvæmt Guðbjörgu Eggertsdóttur verkefnastjóra hjá Jafnréttishúsi eru margir innflytjendur sem þangað koma mjög einangraðir í samfélaginu. Stór hópur fólks er atvinnulaus eða vinnur á vinnustöðum þar sem fáir Íslendingar vinna og hefur lítil tækifæri til að æfa sig í íslensku. Á fundi með innflytjendum sem samstarfshópurinn hélt í september kom fram að innflytjendur hefðu í mörgum tilfellum lítil samskipti við Íslendinga og næðu því seint tökum á íslensku máli. Fram kom að námskeið þar sem boðið væri upp á samræður og samskipti milli Íslendinga og innflytjenda myndu nýtast þessum hópi vel.

Íþróttá- og tómstundaiðkun – tillögur til ÍTH

Eftirfarandi eru tillögur samstarfshópsins um bættu þjónustu vegna erlendra barna í íþróttá- og tómstundastarfi:

- Að gerð verði rannsókn/könnun á því hvort börn innflytjenda nýti sér tómstundatilboð í Hafnarfirði og leitað verði upplýsinga um hvernig þessi hópur nýtir frítíma sinn. Í kjölfarið verði unnið að verkefnaáætlun með það að markmiði að styðja við þátttöku erlendra barna í íþróttá- og tómstundastarfi.
- Að reglur um niðurgreiðslur á þáttökugjöldum fyrir íþróttá- og tómstundastarf barna yngri en 16 ára séu til á nokkrum tungumálum á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.
- Að Íbúagátt/Mínar síður séu til á nokkrum tungumálum og skýrar leiðbeiningar um skráningarferlið.
- Að upplýsingar um framboð á íþróttá- og tómstundastarfi og mikilvægi þess séu aðgengilegar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar á nokkrum tungumálum.
- Að stofnaður verði sjóður sem hægt er að sækja um styrk í vegna íþróttá- og tómstundastarfs erlendra barna.
- Að teknar verði upp verklagsreglur í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum varðandi upplýsingagjöf og tengingu við foreldra erlendra barna.
- Að við ráðningar í félagsmiðstöðvar og íþróttastarf sé horft til þess fjölmenningslega mannauðs sem býr í Hafnarfirði og starfskraftar erlends starfsfólks nýttir.
- Að reglur um niðurgreiðslu á þáttökugjöldum í íþróttá- og tómstundastarfi verði endurskoðaðar. Foreldrar hvers barns fái þannig heimild til að nýta ákveðna upphæð og ráði viðkomandi í hvað peningarnir fara svo framarlega sem um er að ræða virkt starf í frítíma barnsins.

Þátttaka erlendra barna í íþróttá- og tómstundastarfi

Árið 2011 var gerð rannsókn fyrir félagsmiðstöðina Kamp í Reykjavík á líðan barna með annað móðurmál en íslensku, félagslegum tengslum þeirra og þátttöku í skipulögðu frístundastarfi. Rannsóknin var m.a. unnin upp úr niðurstöðum Rannsóknar og greiningar frá 2009. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að þessi hópur barna standi verr að vígi varðandi félagsleg tengsl, viðhorf til skóla og líðan en íslensk börn. Einnig sýna niðurstöður að nemendur með annað móðurmál en íslensku eru síður líklegir til að taka þátt í skipulögðu íþróttá- og félagsstarfi samanborið við íslenska jafnaldra sína.

Lítið er vitað um þátttöku erlendra barna í íþróttá- og tómstundastarfi í Hafnarfirði en niðurstöður rannsóknar sem Erla Sigurlaug Sigurðardóttir gerði fyrir Hafnarfjarðarbæ 2008 benda til að hún sé mun minni en íslenskra barna. Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH kom til fundar við samstarfshópinn með upplýsingar um íþróttaiðkun erlendra barna í Hafnarfirði. Hún sendi fyrirspurn á 28 íþróttadeildir og fékk svör frá 12 deildum. Samkvæmt svörunum er íþróttaiðkun erlendra barna í Hafnarfirði mun minni en íslenskra. Helstu vandamál sem forsvarsmenn nefndu var samskiptavandi við foreldra varðandi skráningar í Íbúagátt, boðun á æfingar, viðburði og leiki. Margir foreldrar svara ekki tölvupósti og lítil íslensku- eða enskukunnátta er hindrun. Einnig kom fram að erfitt væri að innheimta æfingagjöld hjá þessum hópi. Elísabet sagði einnig að svo virtist sem þessi hópur barna ætti oft erfitt með að taka þátt í keppnisferðum og fjáröflunum tengdum þeim þar sem bakland/tengslanet væri lítið. Ekki væri gengið hart fram í að innheimta æfingagjöld en kostnaður vegna ógreiddra gjalda félli alfarið á íþróttafélögin sjálf.

Ellert Magnússon æskulýðsfulltrúi ÍTH kom og ræddi þátttöku erlendra barna í starfi félagsmiðstöðva og sumarstarfi. Samkvæmt Ellerti er þátttaka þessa hóps í félagsmiðstöðvum, sumarstarfi og vinnuskóla afar lítil. Fram kom að u.þ.b. 80% erlendra barna dveljast erlendis yfir sumarið og taka því ekki þátt í sumarstarfi. Ellert sagði að ýmislegt hefði verið reynt undanfarin ár til að auka þátttöku erlendra barna og halda umræðunni opinni hjá starfsfólki ÍTH.

Félagsmiðstöðvar þyrftu að vera í meira samstarfi og setja á fót sérstök verkefni til að ná til hóps erlendra barna. Það kom fram hjá Ellerti að vart hefði orðið við neikvætt viðhorf foreldra erlendra barna til félagsmiðstöðva. Því væri mikilvægt að upplýsa þá betur um starfið, markmið þess og gildi.

Starf í félagsmiðstöðinni Kampi

Dagbjört Ásbjörnsdóttir verkefnastjóri hjá félagsmiðstöðinni Kampi í Reykjavík

(Þekkingarmiðstöðvar um málefni innflytjenda) kynnti það starf sem þar hefur verið unnið á undanförunum árum. Samkvæmt Dagbjöрту hefur Reykjavíkurborg unnið að fjölmörgum verkefnum sem styðja við þátttöku erlendra barna í félagsstarfi. Í Kampi er unnið að mörgum áhugaverðum verkefnum sem auka virkni og þátttöku erlendra barna í félagsstarfi. Einnig hafa verið unnin mörg verkefni sem tengjast því að miðla upplýsingum til foreldra, barnanna sjálfra og þeirra sem starfa með þeim. Eitt af þeim verkefnum sem hafa komið mjög vel út er Skilaboðaskjóðan þar sem almennum upplýsingum um siði og reglur samfélagsins, útivistartíma, hefðum í tengslum við barnaafmæli o.fl. er miðlað á mörgum tungumálum.

Forvarnargildi íþróttá- og tómstundastarfs

Íþróttá- og tómstundaiðkun barna í Hafnarfirði er afar mikil og rannsóknir sýna að 80% hafnfirskra unglunga stunda íþróttir. Að sama skapi eru unglingar afar virkir þátttakendur í starfi félagsmiðstöðva. Virkni í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi hefur mikið forvarnargildi og eykur líkur á heilbrigðum lífsstíl ungs fólks. Rannsóknir sýna einnig að börn og unglingar sem ekki taka þátt í frístundastarfi eru líklegri til að neyta vímuefna og tengjast ekki eins vel gildum og viðmiðum samfélagsins. Vísbendingar um slælega þátttöku erlendra barna í íþróttá- og tómstundastarfi í Hafnarfirði er áhyggjuefni og full ástæða til að leita allra leiða til að virkja þau betur. Það starf sem hefur þegar verið unnið t.d. í Kampi gæti verið fyrirmynd að slíkri vinnu.


Atvinnumál, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál og barnavernd – tillögur til fjölskylduráðs

Eftirfarandi eru tillögur samstarfshópsins um bættu þjónustu við innflytjendur varðandi atvinnumál, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál og barnavernd:

- Að Hafnarfjarðarbær leggi áherslu á að ráða innflytjendur til starfa þrátt fyrir að íslenskukunnátta sé ekki mikil.
- Að leitað verði leiða til að úrræði í barnavernd s.s. PMT og MST nýtist foreldrum erlendra barna betur en tungumálaerfiðleikar koma iðulega í veg fyrir að slík úrræði nýtist.
- Að Hafnarfjarðarbær hafi forgöngu um slíka vinnu í samstarfi við önnur sveitarfélög innan SSH.
- Að auka samstarf grunnskóla, leikskóla og fjölskylduþjónustunnar varðandi upplýsingar til foreldra erlendra barna um barnaverndarlög. Tryggt sé að foreldrar séu upplýstir um skyldur sínar og réttindi barna sinna samkvæmt barnaverndarlögum.

Atvinnumál

Samkvæmt upplýsingum frá Guðjóni Árnasyni hjá Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar eru 148 innflytjendur í atvinnuleit og er hlutfall innflytjenda af heildinni að aukast eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan. 18% þeirra sem eru í atvinnuleit eru innflytjendur. Þessar tölur eru sambærilegar nýjum tölum um atvinnuleysi fólks með erlent ríkisfang frá Fjölmeningarsetri (2013) en þar kemur fram að 18-19% erlendra ríkisborgara á Íslandi séu á atvinnuleysisskrá. Þar sem fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi er 6.7% og tæp 7% í Hafnarfirði verður þetta hlutfall að teljast hátt.



Guðjón Árnason sagði að ekki er nema hluti starfa, 40-50%, væri auglýstur og standa því innflytjendur sem ekki tala íslensku höllum fæti.

Fjárhagsaðstoð

Á árinu 2012 þáðu 66 innflytjendur fjárhagsaðstoð sem er 9,3% þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð, þ.e. 66 af 707. Innflytjendur þiggja fjárhagsaðstoð í 4,15 mánuði að meðaltali en meðaltími annarra var 4,41% mánuðir. Af þessum einstaklingum fengu 47 einstaklingar fjárhagsaðstoð gegnum barnavernd, 3 innflytjendur og 44 aðrir Hafnfirðingar. Hlutfall innflytjenda er 6% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð gegnum barnavernd. Þessi fjárhagsstuðningur er t.d. vegna sálfræðimeðferðar, skólamáltíða fyrir börn, greiðslu fyrir leikskóla o.fl. Í samtali við félagsráðgjafa sem starfar við að veita fjárhagslegan stuðning kom fram að innflytjendur vita oft lítið um réttindi sín og vita ekki


hvert þeir eigi að leita til að fá upplýsingar.

Húsnæðismál

Af þeim íbúðum sem Hafnarfjarðarbær leigir til einstaklinga og fjölskyldna leigja innflytjendur um 6,5% íbúða. Á biðlista yfir félagslegt húsnæði eru nú um 240 umsóknir og eru rúmlega 14% umsókna frá innflytjendum. Rétt er að taka fram að húsnæðismál innflytjenda voru eingöngu skoðuð út frá húsnæði í eigu Hafnarfjarðarbæjar.


Barnavernd

Sjá má fjölda barnaverndartilkynninga á árunum 2010-2012 á myndinni hér fyrir neðan ásamt þeim fjölda barna sem tilkynnt var um. Á árinu 2012 bárust 882 tilkynningar vegna 547 barna. Á síðustu þremur árum hefur verið aukning á barnaverndartilkynningum milli ára og á árinu 2012 var tilkynnt um 7,4% barna.




Um 10% barnaverndartilkynninga eru vegna barna innflytjenda.

Flestar tilkynningar á árunum 2010-2012 sneru að vanrækslu eða 36,1% (318 tilkynningar). Með vanrækslu er átt við líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit (t.d. foreldrar í áfengis- og fíkniefnaneyslu), vanrækslu varðandi nám sem og tilfinningalega vanrækslu. Önnur algengasta ástæða tilkynninga var áhættuhegðun barns eða í 35,1% tilfella (310 tilkynningar). Með áhættuhegðun barns er átt við neyslu barns á vímuefnum, barn stefni eigin heilsu í hættu, afbrot barns, barn beiti ofbeldi eða að erfiðleikar séu í skóla/skólasókn sé áfátt. Tilkynnt var um ofbeldi í 28,2% tilfella (249 tilkynningar). Með ofbeldi er átt við tilfinningalegt eða sálrænt ofbeldi (t.d. heimilisofbeldi), líkamlegt ofbeldi eða kynferðislegt ofbeldi. Fimm tilkynningar bárust um að heilsa og líf ófædds barns væri í hættu eða 0,6%.



Ef skoðaðar eru barnaverndartilkynningar vegna erlendra barna kemur í ljós að á árinu 2012 voru 50% þeirra vegna vanrækslu, 38% vegna ofbeldis og 12% vegna áhættu hegðunar barns. Til samanburðar voru barnaverndartilkynningar vegna íslenskra barna 35% vegna vanrækslu, 27% vegna ofbeldis og 37% vegna áhættu hegðunar barns.



Tilkynningar vegna barna innflytjenda

Hlutfall barnaverndartilkynninga vegna ofbeldis er herra hjá börnum innflytjenda en hjá öðrum börnum. Þetta kemur heim og saman við niðurstöður rannsóknar Steinunnar Bergmann félagsráðgjafa frá árinu 2010 þar sem hún skoðar barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum. Þar kemur fram að menningarbundnir þættir eru taldir hafa áhrif á uppeldisáferðir foreldra. Steinunn skoðaði í rannsókn sinni hvort hlutfall erlendra barna væri í samræmi við hlutfall heildarfjölda barna hér á landi af erlendum uppruna. Í ljós kom að 130

tilkynningar vörðuðu íslensk börn (69%) og 58 tilkynningar vörðuðu börn af erlendum uppruna (31%). Þetta hlutfall hélst varðandi þær tilkynningar sem voru kannaðar eða 68% vegna íslenskra barna og 32% vegna barna af erlendum uppruna. Til samanburðar má geta þess að hlutfall barna af erlendum uppruna sem voru til könnunar og/eða meðferðar barnaverndarnefnda var alls 7,9% árið 2008 (Barnaverndarstofa, 2010). Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2009) voru árið 2006 10% íbúa hérlendis af erlendum uppruna, 8,3% barna áttu annað foreldri af erlendum uppruna en 2,7% barna áttu báða foreldra af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands, 2008b) eða alls 11%.

Því virðist sem hlutfall tilkynninga um líkamlegt ofbeldi af hálfu foreldra barna af erlendum uppruna sé þrefalt hærra en hlutfall barna af erlendum uppruna er hér á landi. Þannig virðast börn af erlendum uppruna fremur eiga á hættu að verða fyrir líkamlegu ofbeldi en önnur börn ef marka má fjölda tilkynninga um líkamlegt ofbeldi í samanburði við hlutfall allra barnaverndarmála vegna barna með erlendan bakgrunn og hlutfall ítrekaðra tilkynninga um líkamlegt ofbeldi.

Úrræði í barnavernd nýtast innflytjendum illa

Í samtölum við ráðgjafa barnaverndarteymis kom m.a. fram að erfiðara er að nýta úrræði í barnaverndarmálum í málum innflytjenda en annarra vegna þess að erfitt er að fá starfsmenn sem tala tungumál foreldra. Hér er t.d. átt við tilsjónarmenn sem aðstoða foreldra við að sinna forsjár- og uppeldisskyldum sínum og persónulega ráðgjafa sem veita barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega og tilfinningalega s.s. í sambandi við tómsundur, menntun og vinnu. Einnig sálfræðinga og fleiri fagaðila. Vegna tungumálaerfiðleika nýta mjög fáir innflytjendur sér PMT námskeið, PMT meðferð eða fjölkerfameðferð (MST) sem er meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda. Meðferðin felst fyrst og fremst í að auka færni foreldra til að takast á við vanda barna sinna.

Ráðgjafar meðferðarteymis í barnavernd nýta sér túlka í langflestum viðtölum við fullorðna en stundum er rætt saman á ensku. Ráðgjafarnir telja að menningarbundnir þættir hafi áhrif á uppeldisaðferðir foreldra, meiri harka sé í uppeldi barna innflytjenda og líkamlegar refsingar séu notaðar í meira mæli en meðal annarra foreldra.

Þjónusta hjá Hafnarfjarðarbæ, aðgengi að upplýsingum – tillögur til bæjarráðs

Eftirfarandi eru tillögur samstarfshópsins um bættu þjónustu við innflytjendur varðandi aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf til innflytjenda og stofnana bæjarins:

- Að haldið verði Gaflarakaffi fyrir innflytjendur þar sem skapaður er vettvangur fyrir fólk til að tjá sig um þjónustu bæjarfélagsins, hvað er vel gert og hvað má bæta. Gaflarakaffið verði auglýst á nokkrum tungumálum og boðið verði upp á túlkaþjónustu á þremur til fjórum tungumálum. Niðurstöður Gaflarakaffisins verði nýttar til að móta enn frekar þjónustu bæjarins við innflytjendur.
- Að í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar verði rekin sérstök þjónusta við innflytjendur þar sem þeir geta fengið upplýsingar og aðstoð er varðar alla þjónustu sveitarfélagsins auk almennra leiðbeininga um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi. Þessi þjónusta verði hugsuð sem heildarþjónusta svo ekki sé nauðsynlegt að leita annað eftir upplýsingum (e. one stop shop). Ráðinn verði inn starfsmaður sem talar íslensku, ensku og pólsku (önnur tungumál kostur en ekki nauðsyn) til að sinna þjónustu við innflytjendur.
- Að ráðinn verði fulltrúi í málefnum innflytjenda/mannréttindafulltrúi hjá Hafnarfjarðarbæ sem hafi yfirumsjón með málefnum innflytjenda og starfi sem ráðgefandi aðili við stofnanir bæjarins í málaflokknum.

Upplýsingagjöf og ráðgjöf til innflytjenda

Eins og fram kom í inngangi var í upphafi ætlunin að fá fulltrúa innflytjenda til að starfa með samráðshópnum. Þrátt fyrir að haft væri samband við marga aðila úr hópi innflytjenda vildi enginn gefa kost á sér til að mæta á mánaðarlega fundi. Þar sem nauðsynlegt þótti að fá álit þess hóps sem fjallað er um var tekið á það ráð að halda fund með fólki úr hópi innflytjenda í september sl. og eins komu nokkrir aðilar með ábendingar eftir öðrum leiðum. Helstu ábendingar sem komu frá innflytjendum voru varðandi aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf til innflytjenda. Fram kom að margir áttu erfitt með að átta sig á uppbyggingu samfélagsins, hvar sækja mætti ýmsa þjónustu og fá upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er. Margir nefndu að hjálplegt væri ef upplýsingar á heimasíðu bæjarins væru á fleiri tungumálum en íslensku og að hægt væri að leita á einn stað eftir upplýsingum og ráðgjöf. Samkvæmt Önnu Báru Gunnarsdóttur hjá þjónustuveri Hafnarfjarðar er engin sérstök þjónusta við innflytjendur á vegum þjónustuversins. Innflytjendur koma helst í þjónustuverið til að fá aðstoð við að fylla út ýmsar umsóknir s.s. varðandi leikskóla, niðurgreiðslu íþróttagjalda, fjárhagsaðstoð o.fl. Starfsfólk þjónustuvers liðsinnir innflytjendum eftir bestu getu en stundum veldur lítil íslensku- eða enskukunnátta erfiðleikum. Hjá Reykjavíkurborg er boðið upp á ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu borgarinnar fyrir innflytjendur sem búa í Reykjavík. Um er að ræða almenna upplýsingagjöf, réttindi og skyldur í íslensku samfélagi, málefni fjölskyldunnar, vinnutengd mál, dvalarleyfi, ríkisborgararéttindi o.fl. Fjórir ráðgjafar eru starfandi hjá borginni og ráðgjöf er veitt á íslensku, ensku, pólsku, filippísku, rússnesku og litháensku. Samkvæmt upplýsingum frá ráðgjöfum í Reykjavík er mjög algengt að hafnfirskir innflytjendur leiti eftir ráðgjöf til Reykjavíkur þar sem slík þjónusta er ekki í boði í Hafnarfirði. Þjónustan er hins vegar aðeins ætluð íbúum borgarinnar. Gagnkvæm aðlögun innflytjenda og innfæddra er mikilvæg í öllum samfélögum. Öflug þjónusta við innflytjendur sem eru að stíga fyrstu skrefin í nýju landi auðveldar fólki aðlögun og skilning á uppbyggingu og reglum samfélagsins. Mikilvægt er að innflytjendur geti leitað upplýsinga og ráðgjafar á einu stað og miðað við núverandi uppbyggingu á þjónustu í sveitarfélaginu væri eðlilegt að slík þjónusta heyrði undir þjónustuver bæjarins. Annar möguleiki er samstarf við frjáls félagasamtök um að sinna slíkri þjónustu eins og gert hefur verið t.d. í Fjarðarbyggð og á Akranesi.

Fulltrúi í málefnum innflytjenda

Erlendir ríkisborgarar í Hafnarfirði eru tæp 7% af íbúum, 13% barna á leikskólum er af erlendum uppruna og tæp 10% grunnskólanema. Upplýsingar um fjölda innflytjenda sem fengið hafa ríkisborgararétt liggja ekki fyrir. Málefni innflytjenda er því viðamikill málaflokkur sem mikilvægt

er að hafa góða yfirsýn yfir. Í vinnu samráðshópsins kom glögg í ljós að slíka yfirsýn skortir í Hafnarfirði. Upplýsingar eru dreifðar og lítið hefur verið um samhæfðar aðgerðir milli stofnana. Mikilvægt er að unnið sé að stefnumörkun í málefnum innflytjenda til lengri tíma litið og vandamál sem tengjast samþættingu fyrirbyggð eins og hægt er áður en þau koma upp. Slík stefnumörkun er í samræmi við þá þróun sem á sér stað í öðrum sveitarfélögum og á samleið með öðrum þáttum mannréttindamála svo sem lýðræðisþróun. Að mati samráðshópsins er nauðsynlegt að í Hafnarfirði starfi fulltrúi í málefnum innflytjenda sem hefur yfirumsjón með málaflokknum og vinnur með öðrum sem að málefnum innflytjenda koma. Slíkur fulltrúi stæði fyrir upplýsingaöflun, kynningarmálum, samræmdum aðgerðum með deildum bæjarins varðandi þjónustuúrræði og stefnumörkun varðandi málaflokkinn. Hann væri málsvari innflytjenda og bæjarráði til ráðgjafar, einnig varðandi styrki til málaflokksins.

Heimildaskrá

Alþingi. (2013). *Lög um grunnskóla*. Sótt 17. september 2013 af www.althingi.is/lagas/nuna/200891.html

Ari Klængur Jónsson. (2013). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi*. Ísafjörður: Fjölmenningsasetur.

Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölmenning og þróun skóla. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar). *Fjölmenning og skólastarf* (bls. 17-36). Reykjavík: Rannsóknarstofa í Fjölmenningarfræðum KHÍ Háskólaútgáfan.

Hagstofa Íslands. (2009). *Hagtíðindi 2009:1*. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Steinunn Bergmann. (2010). *Börnum straffað með hendi og vendi. Barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Stjórnartíðindi. (2013). *Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum*. Sótt 17. september 2013 af www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010.

Þóroddur Bjarnason. (2006). Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri). *Rannsóknir í Félagsvísindum VII* (bls. 391-400). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.